

GOLF OG ÍSLENSKT MÁL.

Inngangur:

Einn af skáldjöfrum okkar Íslendinga, Einar Benediktsson kvað í ljóðinu “Móðir mín” Ég skildi, að orð er á Íslandi til um allt, sem er hugsað á jörðu. Þessi orð skáldsins ber okkur að hafa í huga þegar við leitumst við að rækta móðurmálið.

Í áratugi hefi ég látið mig íslenska tungu varða, en aðeins iðkað golf í um áratug. Hefi leikið með læknum, lögfræðingum, skólamönnum, skúringafólki, leigubílstjórum og áfram mætti telja. Lýsingarnar sem menn þurfa að hlusta á, svo sem frá einum golf hring eru skelfilegar. Ég DRÆVAÐI 200 metra en SLÆSAÐI út í RÖFFIÐ. Tók NÆNÆRONIÐ en náði ekki alveg inná GRÍNIÐ. CIPPAÐI létt inná GRÍN og reddaði pari. Þá kom þar þrjú HOLA þar sem ég lenti í BUNKER hægra megin. Tók SANDÆRONIÐ og “sullaði” upp að pinna. Á næstu HOLU DRÆVAÐI ég vel, klúðraði þó næsta SKOTI, en náði að bjarga BOGEY. Félagi minn var svolítið heppnari, SKAUT í pinnann og boltinn DROPPAÐI dauður, rétt við holu. Svo tók ég HÁLFVITANN á langri þar þrjú HOLU. Félaginn fékk BÓGÍ en ég BÖRDAÐI!

Það er aðeins ein von gegn þessum ófögnuði. Þeir sem fjalla um Golf í fjölmiðlum taki sig og sína málnotkun taki! NÚ BER AÐ ÞAKKA ÞAÐ SEM ÞEGAR HEFIR VERIÐ FÆRT TIL BETRI VEGAR! Umbæturnar verða að hefjast heima í stofu, við sjónvarpið. Það vita allir sem vilja að knattspyrnulýsingum hefir hrakað, s.b.r. þeir sem áður voru kantmenn heita nú vængmenn. Að ekki sé talað um þoku-fótboltann, þar sem Hermann leitar að samherja og Eiður reynir að finna Heiðar Helgu!

Hér fara á eftir nokkur hugtök, eldri sem ný. Ljómað er yfir ný og nýleg hugtök.

Yfirlit, í enskri stafrófsröð.

Ball flight = Kúlu/bolta flug.

Birdie = Fugl.

Birdie, to get a = Að slá fugl. Að fá fugl.

Birdie, to miss a = Fuglinn flaug.

Birdie, twice in a row = Tvífugl.

Birdie, three in a row = Þrífugl.

Bogie or more. Skolli Skrambi og ? Þetta var virðingarverð tilraun sem mistókst. Enda hefir enginn fengist til að segja mér hvað “triple bogie” er á Íslensku. Brekkan er alveg nógu brött, höfum þetta einfalt.

Bogie = Skolli.

Bogie 2 = Tvískolli.

Bogie 3 = Þrískolli. O.s.f.r.v.

Brake = Brot, til hægri eða til vinstri. Ekki brot frá hægri til vinstri eða öfugt.

Break, double = Tvöfalt brot.

Carry = Berast. Kúlan þarf að berast.....

Collar = kragi eða svunta.

Course Management = Vallarvitund. Leikætlun.

Dog leg from right to left = Hundslöpp til vinstri. Ekki frá hægri til vinstri eða öfugt.
Dormie = **Drómi**. Drómi er fjötur. Staðan er í fjötrum, annar leikmaðurinn getur ekki unnið.
Draw = Drag. Að draga kúluna.
Drive, to = **Drífa**, **Drifhögg**. Upphafshöggið, höggið sem drífur kúluna í leik.
Driver = **Driftré** eða **Ás**.
Drove, I = Ég dreif fyrstur.
Fade = **Bjúgur**, **Bjúghögg**.
Fly, the ball must = Fluglengd boltans þarf að vera? Kyllfirinn þarf að þeyta kúlunni....
Í þessu sambandi tel ég ótækt að segja “Golfarinn þarf að **FLJÚGA** boltanum.”
Fore = **For**(vörn). Það er enginn tími til málalenginga FOR er forvörn til leikmanna í grennd.
Fourball = **Tvíleikur**.
Foursome = **Víxlaður tvíleikur**.
Free drop = Frjálst fall. Lausn án vítis.
Golfer = **Kylfir**, Golfari.
Golfhole, this = Þessi braut.
Ground the club, to = Grunda kylfuna.
Holes down, three = Þrjár holur undir. Ekki þrjár holur niður.
Holes up two = Tvær holur yfir. Ekki tvær holur upp.
Hook the ball = Krækja.
Hybrid = Blendingur.
Little room to work with = Kyllfirinn hefir lítið svigrúm, til athafna. Lítið leikrými.
Pin high = Í stangarlengd.
Pin position, is narrow = Leikrýmið er þröngt.
Pull = Tog.
Pull hook = **Togkrækja**.
Push = Þrýsta.
Regulation play=**Flatarpar**. Kyllfir nær inn á flöt, Par 3=1, Par 4=2, Par 5=3 högg.
Release = Losa og loka.
Release at impact = **Leysa höggið úr læðingi**.
Rough, semi = Lágkargi.
Rough, heavy (thick) = Hákargi.
Sandy Par = Glompu par.
Singles = **Einvígi**. Einn gegn einum.
Slice the Ball = Sneiða boltann. Hægri sneiðingur.
Stimp meter = **Hraðakvarði**.
Tee, next two on (singles match) = Næsta **ráspar**.
Tee, next three on (singles match) = Næsta **þrenning**.
Tee, next four on = Næsta holl (Holl er íslenska, hluti af heild. Hópur er stærri en holl).
Wedge = Fleygur eða Stórfleygur.
Wedge, Lob = **Háfleygur**.
Wedge, Sand = Sandfleygur.
Win an opponent = Sigra andstæðing.
Win a Tournament = Vinna mót.

Skraf og málalengingar.

Ég hefi í skrifum mínum oft nefnt við stjórnendur golf þátta að ekkert sé athugavert við málalengingar a.m.k. á meðan verið er að kynna ný íslensk hugtök til sögunnar. Þeir eru í senn að skemmta og fræða. Einnig er eðli golfsins þannig að oft gefst góður tími til skrafs á meðan myndavélarnar leita að nýju viðfangsefni. Hér eru dæmi um slíkar upplýsingar.

Einvígið er í dróma því Englendingurinn getur í besta falli knúið fram jafntefli.

Drómi merkir fjötur og er úr Goðafræðinni. Æsir notuðu fjöturinn Dróma til að binda óvin sinn Fenrisúlfr. Fyrri fjöturinn sem notaður var til að binda Fenrisúlfrinn nefndist Læðingur. Það er fallett mál að segja að eitthvað hafi verið leyst úr læðingi, þess vegna golfhögg! Á sama hátt má fjalla um “Regulation play” eða “To play the hole in regulation.” Þessa lýsingu hafa menn leyst með langri setningu “að leika brautina í réttu höggi.” En hvað er rétt högg? Atvinnumenn líta að vonum augljóslega á margar par 5 brautir sem par 4. og jafnvel á sumar par 4. brautir sem par 3. Hvað er þá rétt högg? Hugtakið **flatarpar** leysir þetta í einu augljósu og hreinu orði. Verið hvorki feimnir við ný hugtök né að fylla upp í þættina með vitrænum, fræðandi málalengingum.

Golf hefir tvennt mjög svo afgerandi umfram aðrar íþróttir.

Engin íþrótt er refsigjarnari.

Engin íþrótt er hólsælli.

Ég nefni þetta ekki í neikvæðir meiningu þótt mér þyki á stundum golfið vera full refsiglatt. Hvað hólið varðar, þá er það á stundum ofgreitt, en er það ekki bara jákvætt?

Amerískt slangur.

Ég nefndi að golf væri hólsæl íþrótt og að ekkert væri við það að athuga. Bandaríkjamenn eiga mörg jákvæð hugtök sem þeir útdeila óspart á golffélaga sína. Nice up and down. Great back to back.

Back to back, great = Frábær tvífugl.

Out in the boonies = Úti á engjum, úti í rudda, úti í hrauni.

Up and down, nice = Flott að og í. Létt högg af 25-50 metra færi og einpútt.

Reykjavík í desember 2010.

Með kveðju,

Jón Hjaltason.

jon@haspenna.is

S: 8654000.